

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Áslands, 3. áfanga, vegna grenndarstöðvar.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 22. nóvember sl. breytingu á deiliskipulagi Áslands, 3. áfanga. Breytingin felst í að þar sem áður var biðstöð fyrir strætisvagna er gert ráð fyrir svæði fyrir grenndarstöð.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

*Breyting á deiliskipulaginu Suðurgata – Hamarsbraut, vegna breytinga á skilmálum.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 29. nóvember sl. breyting á skilmálum deiliskipulags Suðurgötu – Hamarsbrautar. Breytingin felst í að kaflanum „Húsagerðir“ í greinargerð skilmála er breytt er varðar fjölgun íbúða í þegar byggðum húsum á svæðinu og uppfærður er texti er varðar umsagnarskyldu eldri mannvirkja.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

*Breyting á deiliskipulaginu Suðurbær sunnan Hamars, vegna breytinga á skilmálum.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 29. nóvember sl. breyting á skilmálum deiliskipulagsins Suðurbær sunnan Hamars. Breytingin felst í að kaflanum „Almennir skilmálar“ í greinargerð er breytt er varðar fjölgun íbúða í þegar byggðum húsum á svæðinu og uppfærður er texti er varðar umsagnarskyldu eldri mannvirkja.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir ásamt greinargerðum og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 29. nóvember 2023.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anna Margrét Tómasdóttir** verkefnastjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 13. desember 2023